



Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2022

haldinn 8. desember 2022.

Fundargerð

Fundur var settur kl. 19:00 í fundarsal í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mætt: *Ásbjörn Sveinbjörnsson, Bryndís Scheving, Eiríkur Þorláksson, Eyjólfur Óli Jónsson, Gísli B. Ívarsson, Guðbjörg Ingólfssdóttir, Guðni K. Elíasson, Hafþór B. Guðmundsson, Halldór Einarsson, Haraldur Ólafsson, Ragnar Þórisson, Sigríður V. Bragadóttir og Snæbjörn Stefánsson.*

Bryndís Scheving formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Hafþóri B. Guðmundssyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða. Formaður stakk upp á Eiríki Þorlákssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Bryndís Scheving formaður kynnti skýrslu stjórnar (sjá umrædda ársskýrslu sem lögð verður fram á vefsíðu Dalbúa).

Í skýrslunni er m.a. að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfseminu á árinu, en jafnframt fylgja með henni skýrslur nefnda, þ.e. mótanefndar og vallarnefndar, þar sem þær nefndir gera sérstaka grein fyrir þeim annars vegar mótahaldi sumarsins og hins vegar vinnu við völlinn.

Nýliðið rekstrarár var nokkuð gott, þrátt fyrir að margir telji sumar 2022 ekki hafa verið gott veðurfarslega séð. Fjöldi kylfinga sem sótti Dalbúa jókst frá fyrra ári samkvæmt rástímaskráningu, sem nú var nær eingöngu í gegnum GolfBox-kerfið. Samkvæmt því var fjöldinn rúmlega 5.000 talsins, en ætla má að þessi tala sé aðeins vanreiknuð miðað við reynslu síðustu ára (félagsmenn skrá sig t.d. ekki alltaf á rástíma þegar þeir leika á virkum dögum og sama gildir um ýmsa sem eru með fríkort er fylgja sumarhúsum og tjaldstæðum RSÍ, VM og N1).

Fjöldi félagsmanna í klúbbum stóð í stað á starfsárinu, þ.e. nýliðun var svipuð og fjöldi þeirra sem hættu á árinu. Er að sjálfsögðu stefnt að því að félagsmönnum fjölgi á næstu árum, þannig að starfsemin nái að halda áfram að blómstra. Félagsmönnum sem hafa Dalbúa sem heimaklubb fjölgaði hins vegar verulega, sem veitir ákveðna kjölfestu í starfinu.

Hefðbundinn vinnudagur klúbbsins var haldinn 7. maí, þar sem unnið var við hefðbundin vorverk eins og að setja upp vökvunarkerfi og útihúsgögn, opna golfskálann, setja gosbrunn í gang o.fl., auk þess sem unnið var að því að tyrfa stækkun nokkurra teiga. Mæting var að venju góð og að loknum vinnudegi voru veitingar í boði klúbbsins.

Lokið var við stækkun teiga á 2., 3., 5. og 8. brautum vallarins á þessu sumri, en örlítil frágangsverkefni eru eftir; unnið verður að þeim stækkunum sem eftir eru á árinu 2023.

Þann 4. júní kom Þórður Ingason R&A golfdómari í heimsókn og hélt fræðslufund fyrir félagsmenn þar sem farið var yfir helstu golfreglurnar. Einnig fór hann yfir hvernig kylfingar reikna út punkta út frá höggum á holu. Farið var yfir staðarreglur, keppnisskilmála og hvernig ýmis keppnisform eru í framkvæmd. Var fundurinn vel sóttur og spunnust fjölbreyttar



umræður um málin á fundinum. Er stefnt að því að bjóða upp á fræðslufundi af þessu tagi a.m.k. árlega í framtíðinni.

Umhirða vallarins var til fyrirmyndar og völlurinn í afar góðu ástandi líkt og undanfarin ár. Eyjólfur Óli Jónsson var ráðinn vallarstjóri fyrir sumarið og hafði umsjón með vinnu sláttumanna og öðrum verkefnum sem þurfti að inna af hendi. Leifur Hjörvarsson var sláttumaður sumarsins, auk þess sem Anthony K. Flores og Eyjólfur settust á vélarnar þegar þurfa þótti, og er þeim öllum þökkud vel unnin störf á vellinum í sumar. Í skýrslu vallarnefndar er farið nánar í einstaka þætti við umhirðu vallarins í sumar.

Rekstrarform golfskálans í Miðdal 2022 var með töluvert öðru sniði en undanfarin fjögur ár. Formaður var ekki lengur starfsmaður í skálanum, og tók Katrín Erla Kjartansdóttir að sér verkefni skálastjóra. Þá var gerður samningur við Ölgerðina Egil Skallagrímsson um kaup á aðföngum í skálann, og keyrði Ölgerðin þær vörur sem keyptar voru að skálanum, sem gerði alla aðfangakeðju skálans mun auðveldari en áður hafði verið, auk þess sem áframhaldandi samstarf við Samkaup auðveldaði öll innkaup. Þessar breytingar skiluðu góðum árangri, og vill stjórn GD þakka Katrínu Erlu sérstaklega fyrir hennar frammistöðu og þá alúð sem hún lagði í starfið.

Mótahald var með hefðbundnum hætti. Golfmót sumarsins voru sex að þessu sinni. Þau heppnuðust öll afar vel og var þátttaka með mesta móti. Í nokkrum af mótum sumarsins þurfti að hafa to ráshópa á nokkrum teigum, en allt gekk afar vel og almenn ánægja með hvernig til tókst. Í skýrslu mótanefndar eru nánari upplýsingar um mót sumarsins 2022, sigurvegara og árangur í hverju móti fyrir sig. Glæsilegar auglýsingar fyrir mótin vöktu sérstaka athygli, en gerð þeirra var í höndum félagskonunnar Önnu Helgadóttur.

Gjaldkeri mun gera sérstaklega grein fyrir fjármálum klúbbsins á nýliðnu starfsári, en í stuttu máli má segja að reksturinn hafi verið í góðu jafnvægi líkt og síðustu ár.

Að lokum þakkaði formaður stjórnar- og nefndarmönnum GD fyrir gott samstarf á liðnum árum. Einnig vildi hún þakka vallarstjóra og sláttumanni fyrir þeirra þátt í að gera völlinn eins góðan og raun bar vitni á liðnu sumri, sem og skálastjóra fyrir hennar góða starf í þágu klúbbsins. Þátttaka félagsmanna í fjölbreyttum verkefnum og stuðningur aðila eins og Grafíu, Rafiðnaðarsambands Íslands og Félags vélstjóra og málmtæknimanna er grundvöllurinn að þessu góða starfi, og bera að þakka öllum viðkomandi fyrir þeirra framlög, sem væru ómetanleg nú sem fyrr. Loks vildi formaður koma á framfæri þökkum sínum til fyrirtækjanna Laugarvatn Fontana, Samkaupa, Ölgerðar Egils Skallagrímssonar, Danco og öllum öðrum sem hafa styrkt klúbbinn á einn eða annan hátt á liðnu sumri.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, sem var lagður fram á fundinum (sjá ársreikning 1.11.2021–31.10.2022 á vefsíðu klúbbsins).

Rekstrartekjur ársins voru rúmlega 17,6 m.kr., og rekstrargjöld tæplega 13,3 m.kr., og afgangur frá rekstri fyrir afskriftir var því 5,3 m.kr.; að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um rúmlega 3,8 m.kr. Eigið fé í árslok er um 26,6 m.kr. og skuldir nær engar.

Fram kom að góða fjárhagsstöðu má þakka aukinni sölu vallargjalda, sölustarfsemi í skála og auknum styrkjum, m.a. mati á verðmæti styrkja sem aflu var til verðlauna á mótum. Þá voru framkvæmdir minni en fyrirhugað var, og hefur „inneign vegna frestaðra framkvæmda“ aukist nokkuð.

Klúbburinn á inneign á bankareikning að upphæð 6,3 m.kr. og hefur því svigrúm bæði til að kosta framkvæmdir yfir veturinn og á næsta ári sem og að huga að nauðsynlegri endurnýjun véla og sinna nauðsynlegu viðhaldi og ýmsum viðgerðum véla fyrir næsta rekstrarsumar, samhliða því að greiða fastan kostnað fram að vori.



3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:

Í umræðum kom fram almenn ánægja með ástand vallarins í Miðdal í sumar, og þá auknu aðsókn og sölu vallargjalda sem varð skv. skýrslu formanns. Fjöldi félagsmanna hefur staðið í stað, en þess vænst að með frekari fjölgun félaga verði fjárhagur klúbbsins tryggari í framtíðinni en áður var.

Fundarmenn lýstu ánægju með glæsilega ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni, og töldu ánægjulegt að sjá að vel væri farið með fjármuni félagsins.

Ársreikningur félagsins fyrir 2022 var samþykktur samhljóða.

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga:

Engar tillögur til lagabreytinga voru lagðar fram af hálfu stjórnar, og engar slíkar tillögur bárust á fundinum, og því varð engin umræða um þennan lið.

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræður og afgreiðslu:

Engar aðrar tillögur bárust sem skyldu teknar til umræðu eða afgreiðslu, og því engin umræða um þennan lið.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:

Af hálfu stjórnar var lagt til að árgjöld golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2023 skuli hækkuð í samræmi við verðbólgu ársins 2022, þ.e. að meðaltali um 10%, til að halda í við aukinn kostnað í rekstri klúbbsins. Samhliða verði dregið úr muni á milli einstaklings- og paragjalda, og verði nú 3.000 kr. pr. einstakling í stað 4.000 kr. Einnig var lagt til að greiðslufyrirkomulag yrði hið sama og viðhaft hefur verið síðustu ár. Loks var var lagt til að ákvörðun um önnur gjöld, þ.e. vallargjöld, væri vísað til stjórnar til afgreiðslu.

- Var tillaga stjórnar samþykkt.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins:

Fundarstjóri tilkynnti að Bryndís Scheving, formaður, byði sig ekki fram til endurkjörs. Ekki bárust frekari framboð til formanns. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Gísli B. Ívarsson yrði kjörinn formaður, og ekki bárust önnur framboð.

- Formaður var kjörinn Gísli B. Ívarsson.

Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna sem kjörnir voru til tveggja ára á aðalfundi 2020 rann út á fundinum, þ.e. þeirra Eiríks Þorlákssonar og Hafþórs B. Guðmundssonar. Bauð Eiríkur Þorláksson sig fram til endurkjörs til tveggja ára, en Hafþór B. Guðmundsson baðst undan endurkjöri. Fundarstjóri tilkynni að Anna Svandís Helgadóttir byði sig fram til stjórnarsetu til tveggja ára. Ekki bárust önnur framboð.

- Anna Svandís Helgadóttir og Eiríkur Þorláksson voru kjörin stjórnarmenn til tveggja ára.

Þar sem Gísli B. Ívarsson hafði verið kosinn formaður fyrr á fundinum var nú laust sæti eins stjórnarmanns til eins árs við hlið Ásbjarnar Sveinbjörnssonar. Fundarstjóri tilkynnti að Guðbjörg Ingólfssdóttir byði sig fram til stjórnarsetu til eins árs. Ekki bárust önnur framboð,

- Guðbjörg Ingólfssdóttir var kjörin stjórnarmaður til eins árs.

Varamenn í stjórn eru kosnir til eins árs í senn. Bauð Helgi Einarsson sig fram til endurkjörs, en Ragnar Þórisson baðst undan endurkjöri. Fundarstjóri tilkynni að Bryndís Scheving byði sig fram til setu sem varamaður í stjórn til eins árs. Ekki bárust önnur framboð.

- Varamenn til eins árs voru kjörin þau Bryndís Scheving og Helgi Einarsson.



8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Georg Páli Skúlasyni til vara.

- Samþykkt samhljóða.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar:

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2023 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Gjaldkeri taldi rétt að fara varlega við gerð fjárhagsáætlunar, þrátt fyrir góða stöðu ársreiknings, en að miða við þann grunn sem félagið hefur á að byggja.

10. Önnur mál:

a) Gísli B. Ívarsson, nýkjörinn formaður, þakkaði traustið og lýsti ánægju með að hafa verið falið það verkefni að leiða gott starf klúbbsins á síðust árum til frekari þróunar fyrir félagsmenn. Hann lýsti áhuga sínum á að gera klúbbinn enn stærri og sterkari, með auknu samráði við félagsmenn, jafnframt því sem styrktaraðilum klúbbsins yrði gert hærra undir höfði með kynningum á vellinum. Þá þyrfti að líta til lengri framtíðar hvað varðar verkefni á til umbóta á vellinum, hvort sem væri til stækkunar vallarins, stækkunar golfskálans, frekari námskeiðum eða fræðslufundum.

Í lok orða sinna færði hann þeim Bryndísi Scheving, fráfarandi formanni og Hafþóri B. Guðmundssyni, fráfarandi stjórnarmanni, þakklætisgjafir frá klúbbnum fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins, og kvaðst þess fullviss að þau ættu eftir sem áður eftir að sinna ýmsum verkefnum fyrir klúbbinn af sömu trúmennsku og áður.

b) Hafþór B. Guðmundsson þakkaði fyrir sig og tóku undir með Gísla um að hann mundi vissulega sinna áfram verkefnum fyrir klúbbinn sem leitað yrði til hans með.

c) Rætt var um nauðsyn þess að kaupa nýja tölvu til nota í klúbbnum vegna skráninga, vinnslu móta o.s.frv., þar sem sú tölva sem notuð var í sumar var í eigu félagsmanns og þyrfti endurnýjunar við.

d) Vakinn var athygli á Facebook-síðu klúbbsins, og rætt hvort hægt væri að virkja hana betur en gert hefur verið, eða mögulega stofna aðra (lokaða) síðu fyrir umræður félagsmanna um innri málefni klúbbsins.

e) Eyjólfur Óli Jónsson vallarstjóri kynnti vinnu sem væri í gangi við könnun á kaupum á nýrri flatasláttuvél, en sú sem hefur verið í notkun er elsta vél klúbbsins og er komin að þrotum; með slíkum kaupum væri búið að endurnýja allar helstu vélar klúbbsins á síðustu þremur árum, og mundu kaup á slíkri vél auka rekstraröryggi á vellinum til muna frá því sem nú er.

f) Bryndís Scheving, fráfarandi formaður kvaddi starf sitt sem formaður klúbbsins og þakkaði fyrir góðar gjafir og allan þann stuðning sem hún hefði notið í starfi sínu. Loks óskaði hún nýkjörnum formanni og allri stjórn klúbbsins farsældar í starfinu sem væri framundan.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi var slitið kl. 21:00.